

Nr. 32/1884.

ritstjóri Jón Ólafsson
 gegn
 ritstjóra Gest Pálssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 29. maímán. þ. á., var áfrýjandi þessa máls, ritstjóri Jón Ólafsson, dæmdur til að lúka 200 kr. sekt til landssjóðs, eða til einfalds fangelsis í 60 daga, ef sektinni ekki væri lokið í ákveðinn tíma, fyrir meiðandi ummæli um hinn stefnda, ritstjóra Gest Pálsson, hin átöldu meiðyrði dæmd dauð og ómerk, og var Jón Ólafsson þar að auki dæmdur til að greiða Gest Pálssyni 12 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur Jón ritstjóri Ólafsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 23. júlí næstl. og krafizt fyrst og fremst, að hann verði sýknaður og málskostnaður látinn falla niður, en til vara, að undirdómnum verði breytt í þá átt, að hin átöldu meiðyrði verði að eins dæmd dauð og ómerk, en sektin færð niður í það lægsta, sem lög leyfa eða yfirdóminum þykir hæfilegt, og málskostnaður feldur niður. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og áfrýjandi skyldaður til að greiða sjer málskostnað; hefur hann jafnframt haldið því fram, að ekki verði að neinu haft það, sem áfrýjandi hefur viljað verja málstað sinn með fyrir yfirdómi, með því það sje um seinan framkomið.

Í 36. árgangi Þjóðólfs, 8 tölublaði, var grein ein með fyrirsögn: „persónuleg yfirlýsing“, er hinn stefndi

áleit, að stíluð væri til hans. Undir grein þessari er nafn áfrýjandans, og er í henni meðal annars komizt svo til orða: „Eins og mest allt það, sem í tjeðri blaðskömm stendur um mig, eru ýmist heimildarlaus eða gjörsamlega ósönn ummæli, eins verð jeg að biðja menn að fyrirgefa, þótt jeg ekki framvegis beri af mjer hverja lýgi, er um mig kann að koma í því blaði. Trúverðugleiki blaðsins og mannorð ritstjórans gjörir það nóg að lýsa fyrir fram eitt skipti fyrir öll allan óhróður þess blaðs um mig lýgi, og jeg vona, að kaupendur Þjóðólfs geti fyrirgefið mjer, þótt jeg álíti rjettara að bjóða þeim annað efni í blað mitt, en að fylla það með því að yrðast við úrþvætti“.

Þessum ummælum áleit hinn stéfnði, að beint væri til sín og blaðs síns Suðra. Áfrýjandi, sem fyrir bæjarþingi fjekk 3 vikna frest til andsvara, mætti ekki nje ljet mæta fyrir sína hönd þá er frestur þessi var útrunninn, og bar þannig ekki neina vörn fram fyrir bæjarþingi, nje mótmælti því, að ofangreindum ummælum væri beint til hins stefnda og blaðs hans. Að vísu hefur hann fyrir yfirdómi haldið því fram, að ekki væri nein ástæða til að ætla, að nefnd ummæli ættu við blaðið Suðra eða hinn stefnda, en þetta er um seinan fram komið, og verður því svo á að líta, að þessi ummæli, sem eru meiðandi, eigi við hinn stefnda; og ber því eptir 219. gr. hinna almennu hegningarlaga að dæma áfrýjanda til hegningar, og þykir hún hæfilega ákveðin 100 kr. sekt til landssjóðs, er einfalt fangelsi í 30 daga komi fyrir, ef sektin eigi er greidd í ákveðinn tíma. Og með því yfirdómurinn fellst á ákvæði bæjarþingsdómsins um ómerking hinna átöldu ummæla, eins og líka á,

að hann hefur gjört áfrýjanda að greiða hinum stefnda í málskostnað 12 kr., þá ber að staðfesta bæjarþingsdóminn með þeirri breytingu á sektarupphæðinni, sem þegar er greind. — Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

D v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Bæjarþingsdómnum í þessu máli skal óraskað, þó þannig, að sektin, er rennur í landssjóð, sje að eins 100 kr., og komi fyrir einfalt fangelsi í 30 daga, sje sektinni ekki lokið í ákveðinn tíma. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum þer að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Nr. 28/1884

J. E. Jensen bakari.

gegn

Finni kaupmanni Finnssyni

D ó m u r :

Heð dómi, kveðnum upp fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar 1. maí þ. á., eru ummæli, sem áfrýjandi þessa máls J. E. Jensen bakari, hafði haft um hinn stefnda, Finn kaupmann Finnsson, í brjefi til bæjarfógetans í Reykjavík, dags. 14. jan. s. á., dæmd dauð og ómerk og áfrýjandinn dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 15 daga einfalt fangelsi, sem og til að greiða hinum stefnda 12 auro og ennfremur málskostnað með 25 kr. Þar að auki eru orðin: „pressa út peninga“ í varnarskjali áfrýjandans í hjeraði dæmd dauð og ómerk.